

M-48/2008. Álit 24. júlí 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 24. júlí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-48/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. júlí sl. bað félagið X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings Y. Reikninginn gerir Y X fyrir það að mæta tvívegis sem vitni fyrir héraðsdómi í dómsmáli á milli A og B. Í því máli var lögð fram matsgerð sem Y vann, þó ekki sem dómkvaddur matsmaður. Reikningurinn nær til 4 stunda vinnu, samtals kr. 28.400, auk aksturs, kr. 7.000 og virðisaukaskatts kr. 8.674, eða samtals kr. 44.074. X telur sér ekki skylt að greiða þennan reikning og segir fordæmalaust að vitni geri reikninga fyrir það að mæta fyrir dómi.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin hefur heimild til og er skylt að gefa álit um ágreining af því tagi. Ágreiningur sá sem lýst er í álitsbeiðninni varðar reikning á hendur X vegna mætinga vitnis fyrir dómi. Í álitsbeiðni vísar álitsbeiðandi ekki til laga varðandi heimild til þess að óska álits kæruneftndarinnar og þá skyldu hennar að gefa álit á þeim ágreiningi sem uppi er. Um það efni getur álitsbeiðandi þess eins að héraðsdómarinn, sem fór með það mál sem Y bar vitni í, hafi ráðlagt sér að leita álits nefndarinnar um réttmæti þess að krefjast greiðslu fyrir það að mæta fyrir dómi að beiðni lögmanns stefnda í málinu, B. Kæruneftndin telur að hún verði að líta svo á að álitsbeiðandi byggji á því að um ágreininginn eigi að fara eftir lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup, en víst er að hann getur hvorki fallið undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup né lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Í I. kafla laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið þeirra afmarkað. Segir þar eftirfarandi í 1. mgr. 1. gr.:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tl.“

Í 3. mgr. 1. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðninni er á milli hlutafélags annars vegar og einstaklings hins vegar. Leiðir það strax til þess að álitni kæruneftndarinnar að ágreiningurinn getur ekki fallið undir lög nr. 42/2000 vegna þess að kaupandi þjónustunnar er hlutafélag en ekki einstaklingur, sbr. það sem segir í 3. mgr. 1. gr. laganna og að framan er rakið.

Pá er ágreiningsefnið með þeim hætti að það verður ekki talið falla undir lög nr. 42/2000, sbr. þær takmarkanir sem er að finna í 1. mgr. 1. gr. laganna en sú málsgrein er einnig rakin hér að framan.

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, er það þannig utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er annað óhjákvæmilegt fyrir kæruneftndin en að frávísa álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Við framangreindar frávisunarástæður bætist svo það að ekki verður betur séð en löggjafinn hafi fengið dómara það hlutverk að skera úr ágreiningi sem rísa kann vegna kröfu vitnis um að fá greiðslu fyrir að mæta fyrir dómi, sbr. ákvæði 58. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en þar segir eftirfarandi:

„1. Þeim aðila, sem leiðir vitni, er skylt að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu kostnaðar af ferð og dvöl á þingstað.

2. Ef vitni krefst þess að fullnægðum skyldum sínum ákveður dómari því greiðslu vegna útlagðs kostnaðar af rækslu vitnaskyldu og þóknun fyrir atvinnumissi sem má telja skipta máli miðað við efnahag þess og aðstæður. Sá sem kveður vitni greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafist vættis eða haft not af því getur dómari ákveðið að skipta greiðslu milli þeirra sem þeir ábyrgjast þó í sameiningu. Greiðslu skal þegar inna af hendi.“

Kæruneftndin álitur að samkvæmt framangreindu lagaákvæði, þótt því einu væri aðeins til að dreifa, færi hún inn á verksvið dómstóla með því að gefa álit á ágreiningi um vitnaþóknun en ekki verður annað séð af ákvæðinu að einu gildi hvort ágreiningurinn rís undir meðferð málsins eða eftir að dómur hefur gengið í því.

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

